

# Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms - 159. fundur

Fundur settur 10:05, mættir: Jóhanna, Íris Huld, Eyþór og María

1. fundur starfsársins 2015-2016 haldinn í Tónlistarskóla Stykkishólms fimmtudaginn 15. okt. kl. 10:00  
(Íris Huld, Jón Eyþór, María Alma)

Jóhanna byrjaði á því að bjóða Írisi Huld velkomna sem nýjan formann nefndarinnar.

1. Skýrsla skólastjóra
2. Skólagjöld tónlistarskólans
3. Endurskoðuð skólastefna Stykkishólmsbæjar
4. Önnur mál

## 1. SKÝRSLA SKÓLASTJÓRA

### a) Skólaárið - skóladagatal

- Skóladagatal (35 kennsluvikur)
- starfsdaga þeir sömu og hjá grunnskólanum.

### b) Kennarar

✓ HG	= Hafþór S. Guðmundsson (75%)	- slagverk
✓ HF	= Hólmfríður Friðjónsdóttir (50%)	- gítar, einsöngur,
✓ HSP	= Hólmgeir S. Þórsteinsson (100%)	- píanó, tónfr. miðstig
✓ MM	= Martin Markvoll (100%)	- málmblástur, rafgítar, lúðrasveitir
✓ LP2	= László Petö (50%)	- píanó, orgel, meðleikur
✓ SKS	= Símon Karl Sigurðarson (ca.48%)	- tréblástur ( <i>stórsveit í FSn</i> )
✓ AS	= Alexandra Suhkova (19%)	- tréblástur (í Grf.)
✓ SS	= Sigurgeir Sigmundsson ( <i>stundak.</i> )	- rafgítar (í Grf. – Jón Glúmur)
✓ JG	= Jóhanna Guðmundsdóttir (100%)	- skólastjóri, tónfræði grunnst. (?)

### c) Nemendur

Umsóknir	112	
<b>Afgreiddar umsóknir</b>	<b>99</b>	(voru ca. 113 í fyrra)
Á biðlista	6	- þ.a. 4 að biðja um aukahljóðfæri (pno = 2, rafg. = 2, básúna = 1, trom = 1)

Umsóknir dregnar til baka	7	
-----		
Píanó	34	
Orgel	1	
Málmblástur	16	
Tréblástur	16	
Blokkflautur	7	
Gítar	10	(þ.a. 4 á rafgítar og 1 rafbassi)
Trommur	24	
Söngur	4	

Nemdur í grunnskóla = 80 (í fyrra = 99), FSn = 15 (5), Ö = 4 (9)	
- grunnstig	= 79
- miðstig	= 18
- framhaldsstig	= 2

- Hljóðfæri í útleigu = 16 (M=10, T=4, G=2)

#### d) Kennsla

- Heilir nemendur = 57
- Hálfir nemendur = 22
- 2 x 20 mínútur nem. = 6 (ungir píanónemendur = tilraun)
- 15 mín. + 30 mín. hóp. = 8 (ungir trommunemendur = tilraun)
- Blokkflautunem. hóp. = 6

- Áfangapróf fara fram í desember og apríl

- Ekkert varð úr samstarfi við grunnskólann, kannski kom hugmyndin of seint en við höldum ótrauð áfram.

#### - TÓNFRÆÐIKENNSLA:

- ✓ 1. stig – kennari: Jóhanna
- ✓ 2. stig – kennari: Jóhanna
- ✓ 3. stig – kennari: Jóhanna
- ✓ Miðstig 4. stig - kennari: Hólmgeir
- ✓ Miðstig 5. stig - kennari: Hólmgeir

#### - SAMSPIL

- ✓ Stóra lúðró (fimmtud. kl. 16:44 – 18.30) = Martin
- ✓ Litla lúðró (miðvikud. kl. 14:44 – 15:30) = Martin
- ✓ Trommusveit ... = Haffi
- ✓ (Stórsveit Snæfellsness (FSn) = Símon Karl)

Hausttónfundir kennara á næstunni ásamt því að lúðrasveitin heldur sína hausttónleika 19. nóvember. Jólatónleikar verða í sal skólans í vikunni 7.-10. desember, jólaheimsóknir í vikunni þar á eftir og síðan lýkur haustönninni með hátíðartónleikum 17. desember í Stykkishólmskirkju.

Litla lúðró með æfingabúðir laugardaginn 17. október og stóra verður 31. október.

Lúðrasveitin hefur ákveðið að fara til Skotlands í júní á næsta ári og stendur skipulagning yfir.

#### e) Annað

- ✓ Minningargjöf um Gísla Birgi Jónsson = trommusett (nyja trommusettið sem hann keypti 2011)
- ✓ Minningargjöf um Hafstein Sigurðsson = Nord Stage 2 hljómborð
- ✓ Ársþing STS haldið í Reykjanesbæ 25.-27. sept. Áhyggjur af framtíð tónlistarkennslu í landinu í framtíðinni. Óleyst er vandamálið varðandi framhaldsnemendur.
- ✓ Nótan – vestur verður í Stykkishólmskirkju 12. mars, féll niður í fyrra vegna verkfalls um haustið.
- ✓ Rafmagnið í húsinu er að stríða okkur, tæki hafa verið að bila og skemmast vegna þess. Mikilvægt að ganga eftir því að þetta verði skoðað og finna orsakir, er þetta eitthvað í húsinu eða er þetta eitthvað hjá Rarik. Fundamenn sammála að Jóhanna fylgi þessu eftir. Vinna við fjárhagsáætlun á næstunni og ef þarf að gera eitthvað varðandi rafmagnið er nauðsynlegt að það sé á hreinu í þeirri umræðu.

## 2. Breytingar á skólagjöldum

- a) Skólagjöld fullorðinna (20+) = hækkun ca. 40%
- b) Skólagjöld fyrir börn og unglunga (<19) = hækkun 3,4%
- c) Skólagjöld fyrir börn sem fá 2 x 20 mínútur (= 85%) = NÝTT
- d) Skólagjöld fyrir börn sem fá 1 x 15 mínútur + hóptíma 30 mín. (=66,6%) = NÝTT

Skólastjóri fór yfir breytingar á gjaldskrá Tónlistarskólans. Ýmsar umræður um þennan lið og samþykkir skólanefnd gjaldskrána eins og hún liggur fyrir fundinum.

Grunngjald fyrir önnina (hljóðfæranám) 31.250.- fyrir börn og unglunga, fullorðnir greiða 73.250.-

## 3. Endurskoðuð skólastefna Stykkishólmsbæjar

- ✓ Fundur hefur verið haldinn með fulltrúum allra skólanna og skólanefnda.
- ✓ Ingvar Sigurgeirsson mun halda utan um starfið
- ✓ Fulltrúar nemenda, foreldra og bæjarbúa verða kallaðir til.

Fyrsta embættisverk Írisar var að sitja fund um endurskoðaða skólastefnu Stykkishólmsbæjar. Ingvar Sigurgeirsson hefur verið fenginn til að leiða starfið. Spurningum eins og hvert viljum við stefna með skólana okkar var varpað fram. Skólastefna á að vera framfara- og umbótaáætlun og á að endurskoða hana ekki sjaldnar en á 5 ára fresti. 8 fulltrúar verða skipaðir í nefndina (fulltrúar frá yfirstjórn skólanna og fulltrúar foreldra).

## 4. Önnur mál

Styttist í gerð fjárhagsáætlunar og þurfum við væntanlega að hittast aftur til að fara yfir það.

Fundi slitið 11:30